

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. að á þeim tíma árs sem sumargötulokanir eru, taki gildi bann við stöðu ökutækja á eftirfarandi götum:
Laugavegi frá Vatnsstíg að Þingholtsstræti.
Skólavörðustíg frá Bergstaðastræti að Laugavegi.
Pósthússtræti.
Austurstræti frá Pósthússtræti að Veltusundi.
Veltusundi og Vallarstræti frá Hafnarstræti að Aðalstræti.
Bannið gildir frá kl. 11.00 á daginn til kl. 07.00 að morgni næsta dags.
Bannið er táknað með umferðarmerkinu B21.11, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra;
2. að afmarkað verði bifreiðastæði fyrir lögreglu- og sjúkrabíla við gistiskýli að Lindargötu 48. Bílastæði eru merkt með umferðarmerkinu B21.11, undirmerki; nema neyðarbifreiðar og undirmerki J20.11; (fjarlægt með kranabifreið), samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 27. maí 2016.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 13. júní 2016